

Greinargerð um dagskrá 69. Fjórðungsþings Vestfirðinga að vori, haldið á Ísafirði 10. apríl 2024

1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár.

Dagskrárliðir 1, 2 og 3 skýra sig sjálfir og vísast til gagna þingsins.

4. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.

Tillaga stjórnar er að 69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti verði haldið föstudaginn 18. og laugardaginn 19. október 2024, á Hótel Laugarhóli, Bjarnarfirði í Kaldrananeshreppi. Umfjöllunarefni þingsins verði frumdrög Svæðisskipulags Vestfjarða og kynning á tillögu að Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029.

5. Kosning kjörnefndar fyrir haustþing á miðju kjörtímabili sveitarstjórna (frestað)

Frestað og vísast til tillögu dagskrárliðar 6.a.

6. Önnur mál löglega fram borin.
 - a. Boðun Fjórðungsþings að sumri í fjarfundi

Boðað verði til 69. Fjórðungsþings að sumri í fjarfundi miðvikudaginn 19. júní 2024. Á dagskrá þingsins verði kosning kjörnefndar fyrir Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti. Tillaga stjórnar er að hvert aðildarsveitarfélag Fjórðungssambands Vestfirðinga skipi einn fulltrúa í kjörnefnd, er það sama framkvæmd og á 67. Fjórðungsþingi Vestfirðinga að sumri.

Stjórn vísar hér til að boðað er til kosninga í nýju sameiginlegu sveitarfélagi Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps þann 4. maí n.k.. Sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags geti þannig staðið að vali á fulltrúa í kjörnefnd.

- b. Undirbúningur breytinga á samþykktum og þingsköpum á haustþingi

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga óskar heimildar Fjórðungsþings Vestfirðinga að fjalla um og gera tillögu til 69. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti um breytingar á 9. og 10. grein samþykta Fjórðungssambandsins og 6. grein þingskapa Fjórðungsþings.

Tekið verði til skoðunar að á kosningarári sveitarstjórna verði Fjórðungsþing að vori og sumri verði felld saman í eitt þing sem haldið verði að afloknum kosningum. Fyrri stjórn skili af sér sínum verkefnum og kosið verði síðan til stjórnar og nefnda Fjórðungssambandsins. Eins verði fjallað um hvort fastsetja eigi ákvæði um tilnefningu sveitarfélaga í kjörnefnd.

c. Kosning aðalmanns í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Með vísan til 2. mgr 5. gr samþykktu „Ef aðalmaður eða varamaður í stjórn eða nefnd fellur frá eða missir kjörgengi, skal á næsta ársþingi kjósa í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímanum.“

Jóhann Birkir Helgason, fulltrúi Ísafjarðarbæjar í varastjórn, tók sæti Aðalsteins Traustasonar þegar hann sagði sig frá setur í stjórn Fjórðungssambands, í nóvember s.l.. Tillaga verður lögð fram að Jóhann Birkir verði kjörinn í stjórn Fjórðungssambandsins.

d. Kosning varamanns í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Með vísan til 2. mgr 5. gr samþykktu „Hætti varamaður eða varamaður tekur sæti aðalmanns í stjórn, skal stjórn - að höfðu samráði við heimasveitarfélag - skipa nýja varamann til næsta ársþings.“

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti í nóvember s.l. að tilnefna Dagnýju Finnbjörnsdóttur, sem fulltrúa í varastjórn fyrir Jóhann Birki Helgason. Tillaga verður lögð fram að Dagný verði kjörinn í fulltrúi í varastjórn Fjórðungssambandsins.

e. Kosning varamanns í fjárhagsnefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga

Með vísan til 2. mgr 5. gr samþykktu „Hætti varamaður eða varamaður tekur sæti aðalmanns í stjórn, skal stjórn - að höfðu samráði við heimasveitarfélag - skipa nýja varamann til næsta ársþings.“

Við úrsögn Baldurs Smára Einarssonar úr bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar tók Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurhreppi við sæti hans í fjárhagsnefnd Fjórðungssambandsins, sem varamaður Baldurs. Bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar samþykkti í janúar s.l. var að tilnefna Guðbjörgu Stefaníu Hafþórsdóttur sem varamann í fjárhagsnefnd Fjórðungssambandsins. Tillaga verður lögð fram um að Guðbjörg Stefanía verði kjörinn varamaður í fjárhagsnefnd Fjórðungssambandsins.

f. Kynning á drögum að lýsingu Svæðisskipulags Vestfjarða og drögum að markmiðum og áherslum Sóknaráætlunar Vestfjarða

Svæðisskipulagsnefnd afgreiðir tillögu að drögum á lýsingu Svæðisskipulags Vestfjarða á fundi sínum 4. apríl. Drögin verða kynnt í framhaldi fundarins undir efni þingsins.

Drög að markmiðum og áherslum Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029 verða kynnt munnlega á þinginu.

7. Frestun Fjórðungsþings Vestfirðinga